

Námsáætlun í lífsleikni fyrir 4. bekk 2011-2012

Tímabil: haustönn og vorönn

1 kennslustundir á viku

Kennari: Steinunn L. Ragnarsdóttir og Valgerður L. Daníelsdóttir

Markmið

Markmið í lífsleikni eru í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla.

Við lok 4. bekkjar á nemandi að:

- geta greint og lýst ýmsum tilfinningum, t.d. hamingju, gleði, sorg og reiði
- gera sér grein fyrir að í umhverfinu eru margvísleg áreiti, jákvæð og neikvæð, sem geta haft áhrif á líf hans
- virða og átta sig á tilgangi leikreglna í mannlegum samskiptum
- geta sett hugtakið jafnrétti í margbreytilegt samhengi
- geta tjáð hugsanir, skoðanir, tilfinningar og væntingar
- hafa lært leiðir til að efla samskiptafærni sína sem felur meðal annars í sér
 - færni í samvinnu
 - að sýna tillitssemi
 - að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum
 - að setja sig í spor annarra
 - að hlusta á aðra og sýna kurteisi
- hafa áráði til að spyrja gagnrýninna spurninga
- sýna frumkvæði og sköpun í vinnubrögðum
- vita hvað átt er við með markmiðum og hvernig fólk notar markmið til að ná því sem að er stefnt
- vera fær um að setja sér raunhæf markmið að eigin frumkvæði
- þekkja líkamlega þörf sína fyrir næringu, hvíld, hreyfingu og hreinlæti og leitast við að koma til móts við hana
- gera sér grein fyrir að ekki eru allir eins og bera virðingu fyrir sérstöðu annarra

Við lok 4. bekkjar á nemandi að:

- kunna skil á umferðarreglum fyrir gangandi vegfarendur
- þjálfast í notkun reiðhjóls sem leiktækis á leiksvæðum og stígum og kunna skil á umferðarreglum sem gilda um hjólandi vegfarendur
- geta bent á slysa-gildirur í umhverfinu, í umferðinni og á heimilum og þekkja varasöm efni sem þar kunna að vera geymd
- gera sér grein fyrir mismunandi fjölskyldugerðum og stöðu einstaklinga innan þeirra
- geta leitað eftir upplýsingum og leiðbeiningum til að rata um umhverfi sitt, t.d. munnlegum fyrirmælum eða vegvísingum
- gera sér grein fyrir gildi listar og listsköpunar í umhverfinu

Inntak

Megin viðfangsefni námssviðsins er sjálfbekking, samskipti, sköpun og lífsstíll. Einnig samfélagið okkar og umhverfi.

Ath. kennari áskilur sér rétt til breytinga á áætluninni! Ef ósamræmi er á milli áætlunar og heimanáms skal fara eftir því sem stendur á Mentor.

Námsáætlun

Námsefni

Unnið er með verkefni uppbyggingarstefnunnar, *Að vaxa úr grasi* og *Fimm ævintýri*.

Kennsluaðferðir og skipulag

Lífsleiknin er samofin öllu daglegu skólastarfi.

Námsmat

Matið byggist á:

- ✓ Lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áherslupáttum grunnskólalaga: Ábyrgð; frumkvæði, áræðni og þrautseigja; námsvitund; samstarf; sjálfstæð vinnubrögð og skipulag; tjáning; jákvæðni og framkoma.
- ✓ Hæfni nemenda (þekking og leikni) innan námssviðs sbr. námsmarkmið.

Form og tíðni námsmats:

Námsmat í lífsleikni verður að byggja á fjölbreyttum matsaðferðum. Oft er um huglægt mat að ræða og erfitt að meta eftir hefðbundnum leiðum. Þátttaka nemanda og umsögn um verkefni þeirra metin, sem og sjálfsmat.

Tímabil	Námsefni	Viðgangsefni	Leiðir
ágúst - september	Uppeldi til ábyrgðar Að vaxa úr grasi – 1. Eining Bekkjarfundir	Bekkjarsáttmáli Mitt og þitt hlutverk Samfélagið – virðing Bekkjarfundir	Umræður og verkefni, unnið sjónrænt.
október - nóvember	Uppeldi til ábyrgðar Að vaxa úr grasi – 2. eining Fimm ævintýri Bekkjarfundir	Vinna með þarfirnar Að vinna saman – að hlusta Ævintýrið um tröllskessuna Reiði Bekkjarfundir	Einst.vinna með þarfirnar
desember	Uppeldi til ábyrgðar Fimm ævintýri Bekkjarfundir	Vinátta og samvera Ævintýrið um nornina Hefnd Bekkjarfundir	Vegvísir vináttunnar
janúar - febrúar	Uppeldi til ábyrgðar Að vaxa úr grasi – 3. eining Bekkjarfundir	Draumabekkurinn Ákvarðanir Ævintýrið um Öfund og Hroka Bekkjarfundir	
mars - apríl	Uppeldi til ábyrgðar Að vaxa úr grasi – 4. eining Fimm ævintýri Bekkjarfundir	Óskaveröldin okkar Að lifa heilbrigðu lífi Ævintýrið um ólíku álfana tvo Bekkjarfundir	
maí - júní	Uppeldi til ábyrgðar Að vaxa úr grasi – 5. eining Fimm ævintýri Bekkjarfundir	Þú og ég, ábyrgð og sjálfsvirðing Ævintýrið um Gleði kóngsdóttur Bekkjarfundir	

Ath. kennari áskilur sér rétt til breytinga á áætluninni! Ef ósamræmi er á milli áætlunar og heimanáms skal fara eftir því sem stendur á Mentor.